

Aðalnámskrá framhaldsskóla

Framhaldsnám sjúkraliða
Menntamálaráðuneytið
2006

Efnisyfirlit

Inngangur	bls. 3
Inntökuskilyrði.....	bls. 3
Skipulag náms.....	bls. 3
Vinnustaðanám.....	bls. 3
Nám og kennsla.....	bls. 4
Námsmat.....	bls. 4
Lokamarkmið	bls. 5
Brautarlýsing.....	bls. 6
Áfangalýsingar.....	bls.7-16

Inngangur

Hlutfall aldraðra af þjóðinni fer vaxandi og fyrirsjáanlegt er að þörf fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu er annast um þennan hóp muni vaxa verulega á næstu árum og áratugum, meira en á öðrum sviðum heilbrigðisþjónustunnar. Af hálfu stjórnvalda og aldraðra sjálfra er löggö áhersla á að fjölga úrræðum og auka fjölbreytni þjónustunnar. Þetta er í samræmi við þau stefnumið er lúta að öldruðum í Íslensku heilbrigðisáætluninni.¹ Þar er lýst markmiðum og forgangsverkefnum sem eiga að auðvelda eldri borgurum að búa heima sem lengst með viðeigandi stuðningi og stytta bið eftir vistun á hjúkrunarheimili fyrir fólk í brýnni þörf. Allt þetta eykur þörfina fyrir sérhæft fólk til þess að sinna öldrunarþjónustu. Á sama tíma verður ærfiðara að fá fólk til starfa við umönnunarstörf, áhugi á sjúkraliðanámi er sveiflukenndur og skortur er á sjúkraliðum á vinnumarkaði.

Framhaldsnám í öldrunarhjúkrun fyrir sjúkraliða hefur þann tilgang að auka færni og þekkingu sjúkraliða til þess að hjúkra öldruðum í samræmi við markmið hjúkrunar og nýjar hugmyndir í öldrunarfræðum, en einnig að auka sjálfstæði og ábyrgð sjúkraliða í störfum sínum innan og utan stofnana.

Markmið námsins byggjast á tillögum nefndar um framhaldsnám sjúkraliða í hjúkrun aldraðra sem lauk störfum vorið 2001. Í tillögum nefndarinnar er lýst hugsanlegu umfangi og útfærslu á starfssviði sjúkraliða, sem lokið hafa 1 árs framhaldsnámi í hjúkrun aldraðra. Þessi útfærsla tekur til þátta sem lúta að auknu sjálfstæði á vöktum, stjórnun og hjúkrun, aukinni ábyrgð á skráningu upplýsinga og margvíslegu eftirliti og samskiptum við aðstandendur og skjólstæðinga í samráði við yfirmann.

Starfsvettvangur sjúkraliða sem lokið hafa 1 árs framhaldsnámi í hjúkrun aldraðra eru sjúkrahús og stofnanir fyrir aldraða, heimahjúkrun og félagsþjónusta aldraðra.

Námskrá um framhaldsnám í öldrunarhjúkrun lýsir skipulagi og innihaldi 1 árs framhaldsnáms í öldrunarhjúkrun fyrir sjúkraliða. Gerð er grein fyrir markmiðum náms og kennslu, námsmati og skiptingu námsins í bóklegt nám í skóla og verknámi á heilbrigðisstofnunum. Færnikröfur eru útfærðar nánar í einstökum námsáföngum.

Framhaldsskólar sem bjóða framhaldsnám fyrir sjúkraliða útfæra nánar markmið námskrár.

Inntökuskilyrði

Nemendur sem innritast í framhaldsnám fyrir sjúkraliða þurfa að hafa lokið grunnnámi sjúkraliða og hafa unnið sem sjúkraliðar með starfsréttindi í a.m.k. 4 ár. Mikilvægt er að nemendur hafi lokið grunnnámi í lyfhrifafræði eða sambærilegu námi með námskeiðum. Starfsreynsla sem sjúkraliði í öldrunarþjónustu skiptir einnig máli við innritun nemenda á námsbrautina. Nemendafjöldi verður takmarkaður og mun sérstök valnefnd skipuð af skólameistara ákveða hvaða umsækjendur verða teknir inn á grundvelli umsókna og ferilskrár hvers umsækjanda.

Skipulag náms

Um er að ræða tveggja ána bóknám og 8 vikna verknám á stofnunum. Bóklegt nám er samtals 35 einingar, 8 vikna verknám á stofnunum er metið til 8 eininga. Námið fer fram í þremur lotum þannig að á eftir einnar annar bóknámi tekur við 8 vikna verknám á stofnun undir leiðsögn. Að því loknu er einnar annar bóknám í skóla. Nemandi sem hefur nám á vorönn getur tekið verknám að sumri og lokið bóknámi að hausti og brautskráðst frá skóla um júl. Framhaldsnám sjúkraliða í öldrunarhjúkrun er samtals 43 námseiningar.

Vinnustaðanám

Vinnustaðanám er skipulagt sem átta vikna verknám og hefst að lokinni fyrri bóknámsönn. Tilgangur vinnustaðanáms er að gera nemendur hæfari til að takast á við raunverulegar aðstæður á sjúkrahúsum og öldrunarstofnunum, búa nemendur undir aukna ábyrgð og sjálfstæði í störfum sínum. Gert er ráð fyrir því að ferilbók fylgi hverjum nemanda þar sem

¹ Íslenska heilbrigðisáætlunin var samþykkt á Alþingi 19. maí 2001 og gefin út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu (sjá heimasíðu, <http://heilbrigdisraduneyti.is>).

gerð er grein fyrir verklegri þjálfun hans í vinnustaðanáminu, verkefnum er lýst og mat lagt á framgöngu hans, verktækni og starfshæfni.

Vinnustaðanámið er skipulagt út frá lokamarkmiðum námsins. Stofnun sem gerir samning um verknám nemenda á vinnustað skuldbindur sig til fylgja þeim markmiðum sem tilgreind eru fyrir framhaldsnám sjúkraliða. Mælt er með því að þeir sem skipuleggja vinnustaðanám hafi umsjón með skráningu í ferilbók nemandans fyrir hönd viðkomandi stofnunar, en nemandi og leiðbeinandi hans bera sameiginlega ábyrgð á að færslu bókarinnar.

Nám og kennsla

Námið miðar að því að þjálfra færni og hæfni nemenda til þess að standast kröfur öldrunarþjónustunnar um nákvæmni, áreiðanleika og fagleg vinnubrögð. Tilgangur framhaldsnáms fyrir sjúkraliða er að búa nemendur undir aukna ábyrgð á sviði öldrunarþjónustu. Framhaldsnám í hjúkrun aldra fyrir sjúkraliða býr þá undir að taka að sér flóknari verkefni við umönnun aldra innan stofnana sem utan. Námið á að veita nemendum viðbótarþekkingu til starfa innan öldrunarþjónustunnar.

Mikilvægt er að fylgja þeim markmiðum námskrár sem lúta að þjálfun verklegrar færni nemenda og að því að efla færni í faglegum vinnubrögðum. Sérstök áhersla er lögð á að þjálfra færni til þess að takast á við raunveruleg viðfangsefni þar sem fyrirmæli, verklýsing og vinnuaðferðir liggja fyrir. Jafnframt verði leitast við að þjálfra nemendur til þess að takast á við ófyrirséð verkefni og aðstæður þar sem lausnir liggja ekki í augum uppi. Leit að lausnum krefst bæði þekkingar, hugkvæmni, hæfni í samskiptum og rökvísi sem mikilvægt er að rækta með nemendum.

Í námskrá framhaldsnáms sjúkraliða er lögð á það áhersla að rækta með nemendum jákvæð viðhorf til gæða í heilbrigðisþjónustu. Við skipulag kennslu er mikilvægt að taka mið af þörfum starfsgreina um vel þjálfað starfsfólk og mælt er með samvinnu skóla og stofnana eins og kostur er.

Möguleikar til öflunar upplýsinga, meðhöndlunar og miðlunar ýmiss konar gagna hafa gjörbreytt með tilkomu upplýsinga- og samskiptatækni þó að aðrar upplýsingaveitur, s.s. prentað mál og myndmál, haldi gildi sínu. Í aðalnámskrá framhaldsskóla er lögð mikil áhersla á að nemandinn kynnist notagildi upplýsinga- og samskiptatækni og læri að beita henni í námi sínu.

Markmið náms og kennslu í framhaldsskóla er m.a. að gera nemendur hæfari í starfsgrein sinni og þjálfra verklega færni sem nýtist þeim til starfa á vinnumarkaði. Krafan um aukin gæði og aukna þjónustu stofnana og fyrirtækja er stöðug og vaxandi, því er það mikilvægt að sjúkraliðar hugi vel að möguleikum sínum til símenntunar.

Námsmat

Með námsmati er kannað að hve miklu leyti nemandi hefur tileinkað sér þau markmið sem sett eru í viðkomandi áföngum. Umfang matsins skal þó að jafnaði vera í samræmi við kennslu í viðkomandi áfanga.

Námsmat hefur mikið notagildi í kennslu. Reynt skal að afla sem öruggastrar og víðtækastrar vitneskju um árangur nemenda og fylgjast vandlega með því hvernig þeim gengur að ná þeim markmiðum sem námskráin og skólinn setur. Á þennan hátt getur kennari fylgst með framförum nemenda og gert sér grein fyrir áhrifum og þróun kennslunnar.

Niðurstöður námsmats geta gefið kennara tilefni til þess að setja ný markmið, breyta niðurröðun námsefnis eða kennsluaðferðum. Þá getur námsmat verið mikilvægt fyrir nemendur til að fylgjast með eigin árangri í námi og til að bæta hann. Mikilvægt er að nota fjölbreyttar aðferðir við námsmat og getur það m.a. byggst á:

- verkefnum sem nemandi vinnur í kennslustundum og utan þeirra
- frammistöðu í kennslustundum og árangri á skyndiprófum
- skriflegu lokaprófi sem reynir á þekkingu
- færslu ferilbókar

- frammistöðu/færni í verknámi

Lokamarkmið framhaldsnáms fyrir sjúkraliða í hjúkrun aldraðra

Að efla færni nemenda í samskiptum við sjúklinga og aðstandendur

Að námi loknu geti nemendur

- verið tengiliðir við tiltekna skjólstæðinga og annast samskipti við þá og aðstandendur þeirra og vakað sérstaklega yfir hag þeirra og réttindum
- borið ábyrgð á ýmsum persónulegum eigum ásamt hjálpar- og stoðtækjum skjólstæðinga sinna og haft umsjón með að hlutir til daglegra nota séu í samræmi við þarfir hverju sinni
- kynnst persónulegum áhugamálum og venjum skjólstæðinganna og beitt sér fyrir því að tekið sé mið af þeim í daglegri umönnun
- haft eftirlit með því að frumþarfir hvers einstaklings séu hafðar í fyrirrúmi og þannig gætt margvíslegra hagsmuna skjólstæðinga sinna
- tryggt að aðstandendur fái þær upplýsingar sem þeir þurfa að hafa

Að efla færni nemenda til að axla ábyrgð á tiltekinni stjórnun á sjúkradeildum og öðrum starfseiningum fyrir aldraða

Að námi loknu geti nemendur

- skipulagt vinnu samstarfsmanna á vakt í samráði við yfirmann
- forgangsraðað tilteknum verkum og metið hvað er brýnast hverju sinni.
- útteilt verkum til annarra sjúkraliða og ófaglærðs starfsfólks og fylgst með framkvæmd þeirra verka
- tekið á móti nýjum sjúkraliðum og ófaglærðu fólki og kynnt þeim störfin og starfsemi deildarinnar, verið tengiliðir við nýtt starfsfólk og leiðbeint því í starfsaðlögun
- sinnt tilteknum sjúklingahópi á einingu/vakt og verið ábyrgir gagnvart yfirmanni
- sinnt hjúkrun tiltekins einstaklings á einingum þar sem einstaklingshæfð hjúkrun er viðhöfð í samvinnu við yfirmann

Að efla getu nemenda til þess að framkvæma og ábyrgjast margvíslegt eftirlit og skráningu við hjúkrun aldraðra

Að námi loknu geti nemendur

- sinnt auknu eftirliti með líðan skjólstæðings og metið árangur meðferðar
- skráð athuganir í hjúkrunarskrá

Að efla sjálfstæði nemenda í starfi

Að námi loknu geti nemendur

- staðið sjálfstæðar vaktir með hjúkrunarfræðing á bakvakt
- sinnt sjúklingum og skjólstæðingum í samræmi við hjúkrunaráætlun og tekið ákvörðun um hvenær kalla skuli út aðstoð
- skipulagt vinnu sína og annarra og gefið skýrslu um vaktina að henni lokinni
- metið ástand sjúklinga, þ.e. alvarleg frávík frá venjubundnu ástandi, og metið hvenær slík frávík þarfnast viðbragða

Brautarlýsing

Sérgreinar

Heilbrigðisfræði
Hjúkrun
Hjúkrun, verkleg
Inngangur að kennslufræði
Lífeðlisfræði
Lyfhrifafræði
Sálfræði
Stjórnun
Upplýsingatækni

43 ein.

HBF 303
HJÚ 133 234 334
HJV 108
IAK 102
LOL 312 412
LHF 213
SÁL 132 232
STJ 102
UTN 113 213

Tillaga að skiptingu skólanáms á annir

Vor

HJÚ 133
HJÚ 234
SÁL 132
UTN 113
HBF 303
LOL 312

Haust

HJÚ 334
IAK 102
SÁL 232
UTN 213
LHF 213
STJ 102
LOL 412

Einingar: vor 17

haust 18

Áfangalýsingar

Heilbrigðisfræði 303
Undanfari Enginn

HBF 303

Meginmarkmið

Að nemandi þekki helstu áhrifaþætti heilbrigðrar öldrunar og hvernig hægt er að hafa áhrif á þá með heilsuefningu og forvörnum. Að nemandi geri sér grein fyrir áhrifum vinnustaðar á heilsu og líðan starfsmanna. Að nemendur geri sér grein fyrir að með heilsuefningu og forvörnum sé hægt að draga úr óæskilegum áhrifum vinnustaðar á líðan og heilsu starfsmanna. Að nemandi þekki helstu lagaleg og félagsleg réttindi aldraðra.

Áfangalýsing

Í áfanganum verður farið yfir þá þætti sem hafa áhrif á heilsu og líðan aldraðra bæði einstaklingsbundna þætti og umhverfisþætti. Kynnt verða helstu hugtök, kenningar og aðferðir í heilsuefningu og forvörnum og lögð áhersla á að nemandi geti tileinkað sér þær í starfi. Kynnt verða siðferðileg álitamál á þessu sviði og lögð áhersla á að nemandi temji sér gagnrýna hugsun og hafi siðfræði að leiðarljósi í starfi. Fjallað verður um tengsl vinnustaðar og heilbrigðis og hvernig starfsmenn geta haft áhrif á þau. Farið verður í helstu lagaleg og félagsleg réttindi aldraðra og hvernig nemandi getur tryggt að hinn aldraði fái notið þeirra.

Áfangamarkmið

Að nemandi

- þekki og skilji helstu hugtök og kenningar í heilsuefningu og forvörnum sjúkdóma
- þekki og skilji ákvörðunarþætti heilbrigðrar öldrunar og hvernig megi draga úr óæskilegum áhrifum á heilsu og líðan og styrkja jákvæð áhrif
- geti hagnýtt sér helstu aðferðir og leiðir í heilsuefningu og forvörnum
- kynnist helstu siðferðilegu álitamálum í heilsuefningar- og forvarnastarfi
- skilji mikilvægi þess að temja sér gagnrýna hugsun með siðfræði að leiðarljósi í starfi
- þekki þætti í vinnuumhverfi sem hafa óæskileg áhrif á heilsu og líðan og hvernig megi verjast þeim
- geti hagnýtt sér leiðir til að efla heilsu og vellíðan á vinnustað
- þekki ákvæði laga um réttindi sjúklinga
- þekki helstu félagslegu réttindi aldraðra

Efnisatriði

Heilsuefning, forvarnir, heilbrigð öldrun, vinnuvernd, siðfræði heilsuefningar og forvarna, réttindi sjúklinga og félagsleg réttindi aldraðra.

Námsmat

Próf og verkefni.

Hjúkrun 133
Undanfari Enginn

HJÚ 133

Meginmarkmið

Að nemandi kynnist helstu þáttum í sögu hjúkrunar, hjúkrunarkenningum og mismunandi skipulagsformum hjúkrunar.

Að nemandi geri sér grein fyrir mikilvægi hugmyndafræði í almennu starfi og kynnist helstu þáttum er tengjast hugmyndafræði öldrunar- og fjölskylduhjúkrunar.

Áfangalýsing

Kynnt verður til hvaða þátta hugmyndafræði öldrunarhjúkrunar tekur og hvernig hún stýrir áherslum og markmiðum hjúkrunarmeðferða.

Fjallað verður um þjóðfélagsleg viðhorf til aldraðra, ýmsa siðfræðilega þætti s.s.

líknarmeðferð, viðhorf starfsfólks og framkomu þess við skjólstaðinga sína. Kynntir verða helstu þættir í sögu hjúkrunar, 2-3 hjúkrunarkenningar kynntar og rætt um gildi þeirra í starfi.

Fjallað verður um mismunandi hjúkrunarform, kosti þeirra og galla. Kynntar verða helstu fjölskyldugerðir, fjallað um skipulag, þroska og starfsemi fjölskyldunnar og Calgary Family Assessment Model (CFAM) kynnt.

Lögð verður áhersla á heildarhyggju hugtakið og fjallað um mat á fjölskyldum.

Áfangamarkmið

Að nemandi

- hafi yfirsýn yfir helstu þætti í sögu hjúkrunar
- geti útskýrt ýmsar kenningar um faglega umhyggju og hjúkrun
- geti skilgreint hóphjúkrun og einstaklingshæfða hjúkrun
- geti sagt frá helstu þáttum er tengjast hugmyndafræði öldrunarhjúkrunar
- geti gert grein fyrir hvernig hugmyndafræði öldrunarhjúkrunar snertir viðhorf og siðferðileg álitamál í starfi með öldruðum skjólstæðingum
- geti útskýrt helstu fjölskyldugerðir í nútímasamfélagi
- hafi þekkingu á þroskaferli fjölskyldunnar
- geti rakið algengar kenningar er tengjast fjölskyldunni
- geti nýtt sér CFAM líkanið við upplýsingasöfnun
- geti beitt viðeigandi aðferðum við mat á fjölskyldum (ættartré, tengslakort, þroskamát o.fl.)
- geti útskýrt hugtakið heildarhyggja
- geti rökstutt mikilvægi fjölskyldunnar við hjúkrun aldraðra

Efnisatriði

Saga hjúkrunar, kenningar Florence Nightingale, Dorotheu Orem, Virginu Henderson og Sigríðar Halldórsdóttur, hóphjúkrun, einstaklingshæfð hjúkrun, hugmyndafræði öldrunar- og fjölskylduhjúkrunar, viðhorf til aldraðra, siðfræði meðferðar, styrkleikar/veikleikar fjölskyldu, tengslanet, ættartré, tengslakort og þroskamát.

Námsmat

Verkefni þar sem nemendur velja sér fjölskyldu, safna saman upplýsingum um hana og tilgreina styrkleika hennar og veikleika.

Önnur verkefni, lokapróf

Hjúkrun 234

Undanfari Enginn

HJÚ 234

Meginmarkmið

Að nemandi geri sér grein fyrir mikilvægi hjúkrunarskráningar og áætlanagerðar fyrir gæði hjúkrunar.

Að nemandi þekki þær sálrænu, líkamlegu og félagslegu breytingar sem fylgja hækkandi aldri og geti gert grein fyrir algengri færniskerðingu og heilsubresti hjá öldruðum og hjúkrunarmeðferð henni tengdri.

Áfangalýsing

Í áfanganum verður fjallað um margvíslegar líkamlegar, sálrænar og félagslegar breytingar sem fylgja hækkandi aldri. Ennfremur verður fjallað um algengan heilsubrest og skerðingu á færni, sem aldraðir þurfa að takast á við svo sem sjón- og heyrnarskerðingu, skert líkamlegt jafnvægi, dettni, byltur, húðrof, breytingar á útskilnaði, næringu og vökvajafnvægi. Kynntar verða aðferðir sem styrkja aðlögunarhæfni og bjargráð aldraðra.

Líkamsmat aldraðra verður kynnt og jafnframt kenndir verklegir þættir í hjúkrunarmeðferð s.s. stungulyfjagjöf í vöðva, húðmeðferð, eftirlit með bláæðaleggjum og umönnun látinna.

Fjallað verður um þau flokkunarkerfi sem notuð eru á Íslandi við skráningu hjúkrunar, s.s. Gordon lykklar, NANDA, NIC og RAI.

Áfangamarkmið

Að nemandi

- geti unnið samkvæmt hugmyndafræði öldrunarhjúkrunar

- beiti viðurkenndum aðferðum hjúkrunarskráningar
- þekki meginhugtök í öldrunarfræði
- efli færni sína í hjúkrun aldraðra bæði á stofnunum og í heimahúsum
- dýpki skilning sinn á algengum heilsubresti og færniskerðingu sem hrjáir aldraða og viðbrögð við þeim
- geti nýtt sér kenningar um aðlögunarhæfni og bjargráð aldraðra
- hafi þekkingu til að aðlaga hjúkrun aldraðra að styrkleikum þeirra
- kynnist aðferðum til að draga úr heilsufarsvandamálum aldraðra og stuðla að virkni þeirra í þjóðfélaginu sem lengst
- sýni fram á þekkingu í sáraskiptingum og húðmeðferð, súrefnismeðferð og beitingu sögs á efri loftvegi, meðferð og uppsetningu þvagleggja, stomiúmeðferð, næringargjöf um sondu og meðferð hennar, lyfjagjöf um munn og í vöðva sbr. leiðbeiningar og lyfjalista frá Landlæknisembættinu, meðferð og hirðingu vökvadæla, eftirliti og meðferð bláæðaleggja, blóðsykursmælingum, töku hjartalínurits og skráningu súrefnismettunar í blóði.

Efnisatriði

Sálrænar, líkamlegar og félagslegar breytingar, algengur heilsubrestur, færniskerðing, sjálfsumönnun, sjálfsbjargargeta, aðlögunarhæfni, hlutverk og tengsl, samskiptageta, sorg, missir, lífsgæði, líknandi meðferð, umönnun látinna og aðstandenda, sjálfsmynd, sjálfsvirðing, gildismat, trú.

Líkamsmat, hreyfing, næring, vökvajafnvægi, húðmeðferð, útskilnaður. Mikilvægi skráningar, samfellu, gæði þjónustu, skráningar hjúkrunar.

Upplýsingaöflun, Gordon lykklar, NANDA, NIC og RAI.

Námsmat

Lokapróf, raunhæf verkefni. Verklept próf .

Hjúkrun 334

Undanfarar HJÚ 133, 234

HJÚ 334

Meginmarkmið

Að nemandi þekki áhrif sjúkdóma á heilsufar aldraðra og viðeigandi hjúkrunarmeðferð og þá þætti er stuðla að lífsgæðum aldraðra innan og utan stofnana.

Áfangalýsing

Kynntar verða nýjar hugmyndir og nálganir í hjúkrunarmeðferð aldraðra. Lögð verður áhersla á þátt sjálfstæðis og virkrar þátttöku í þjóðfélaginu fyrir vellíðan fólks á efri árum. Fjallað verður um algenga öldrunarsjúkdóma eins og Alzheimer, Parkinsonsveiki, heilablóðfall, og gigtarsjúkdóma. Kynnt verður hvernig þessir sjúkdómar hafa áhrif á daglegt líf, vitsmunagetu og líkamlegt atgervi aldraðra. Kynntar verða aðferðir til þess að meta og styrkja göngugetu og hreyfifærni aldraðra. Kennnd verður notkun algengra hjálpertækja.

Áfangamarkmið

Að nemandi

- öðlist heildstæða þekkingu á hjúkrun aldraðra
- kynnist algengum öldrunarsjúkdómum og áhrifum þeirra á líf og sjálfsbjargargetu aldraðra
- öðlist frekari færni til að aðlaga hjúkrun aldraðra að styrkleikum þeirra
- hafi innsýn í hvernig hægt er að draga úr heilsufarsvandamálum aldraðra og stuðla að virkni þeirra í þjóðfélaginu
- geti gert grein fyrir notkun viðurkenndra mælitækja til þess að meta hjúkrunarþarfir
- kynnist algengum öldrunarsjúkdómum og viðeigandi hjúkrunarmeðferð
- kynni sér algengar aðferðir við að meta og styrkja göngugetu
- kynnist algengum hjálpertækjum fyrir aldraða

Efnisatriði

Öldrunarsjúkdómar, heilsubrestur, sjálfsumönnun, sjálfsbjargargeta, aðlögunarhæfni, samskiptageta, sorg, missir, einmanaleiki, breytingar, lífsgæði, líknandi meðferð, umönnun látinna og aðstandenda, sjálfsmynd, sjálfsvirðing, gildismat, trú,

hjúkrunarskráning, hjúkrunarþarfir, gæði hjúkrunar.

Námsmat

Lögð verður áhersla á samræður og verkefnavinnu þar sem nemendur fá tækifæri til þess að vinna úr þeirri reynslu, sem þeir fengu í verknáminu. Nemendur þjálfast enn frekar í að skrá hjúkrun samkvæmt viðurkenndum aðferðum og fá tækifæri til þess að efla færni sína við upplýsingasöfnun, skráningu upplýsinga og framsetningu hjúkrunaráætlana í tengslum við umfjöllun um hin ýmsu hjúkrunarviðfangsefni. Jafnframt fá nemar æfingu í að meta hjúkrunarþarfir skv. viðurkenndum stöðlum.

Lokapróf og lokaverkefni

Hjúkrun, verkleg 108

HJV 108

Undanfarar HJÚ 133 HJÚ 234

Meginmarkmið

Að nemandi sýni að hann hafi öðlast aukna þekkingu og skilning á hjúkrun aldraðra og hafi tileinkað sér jákvæð viðhorf til þeirra. Að nemandi þjálfist í vinnuferlum og vinnutækni, samvinnu á vinnustað og öðlist aukna getu til þess að takast á við raunverulegar aðstæður á stofnunum. Að nemandi sé fær um að nota hjúkrunaráætlanir á markvissan hátt. Að nemandi geti axlað aukna ábyrgð við hjúkrun aldraðra.

Áfangalýsing

Kennsla fer fram á öldrunarstofnunum. Í áfanganum fær nemandinn þjálfun að nýta aðferðir og þekkingu við raunverulegar aðstæður undir handleiðslu hjúkrunarfræðings

Áfangamarkmið

Að nemandi

- auki færni sína í samskiptum við umönnun aldraðra
- verði meðvitaður um mikilvægi góðra samskipta við aðstandendur og samstarfsfólk í öldrunarþjónustu
- öðlist færni í þverfaglegri vinnu við umönnun aldraðra
- öðlist færni í umönnun deyjandi skjólstaðinga og kynnist líknandi meðferð
- geti annast um látinn einstakling með viðeigandi hætti
- öðlist færni í að veita aðstandendum og samstarfsfólki stuðning þegar andlát ber að höndum
- sýni í verki að hann hafi tileinkað sér þær grundvallarhugmyndir sem skráning hjúkrunar byggist á
- kynnist viðurkenndum mælitækjum til þess að meta hjúkrunarþarfir
- þjálfist í sáraskiptingum og húðmeðferð
- sé fær um að framfylgja súrefnismeðferð á réttan hátt
- geti sogað frá efri öndunarvegi á réttan hátt
- geti gefið næringu um sondu og sýnt fram á kunnáttu við umhirðu næringarsondu
- sýni fram á þekkingu í viðurkenndum aðferðum við uppsetningu á þvaglegg og geti tæmt blöðru með þvaglegg hjá einstaklingum sem eru með eðlilega þvagrás
- sýni fram á kunnáttu í stomi-meðferð
- þjálfist í að gefa lyf um munn og greina aukaverkanir þeirra
- geti gefið ákveðin stungulyf í vöðva á réttan hátt, sbr. leiðbeiningar og lyfjalista frá Landlæknisembættinu
- sýni fram á kunnáttu í umgengni við vökvadælur
- öðlist færni í umhirðu og eftirliti bláæðaleggja (venflon)
- geti tekið hjartalínurit, gert einföld öndunarpróf, mælt blóðsykur og sykurmagn í þvagi og skráð súrefnismettun

Fyrirkomulag verklegs náms

Nemendur eru 8 vikur á öldrunarstofnun í 100% vinnu undir leiðsögn hjúkrunarfræðings. Nemendur ganga allar vaktir á námstíma samhliða leiðbeinanda sínum.

Námsmat: Verkefnavinna, nemendur færi ferilbók sem er liður í símati.

Inngangur að kennslufræði 102

IAK 102

Undanfari Enginn

Meginmarkmið

Að nemendur verði færir um að fræða og leiðbeina skjólstæðingum og samstarfsfólki sínu.

Áfangalýsing

Í áfanganum verður fjallað almennt um ýmsar kenningar er tengjast námi. Farið verður í undirbúning fræðslu, þætti sem hafa áhrif á nám, gerð fræðsluáætlana, markmiðasetningu og flokkunarkerfi námsmarkmiða. Kynnt verða algeng kennslutæki og kennslugögn. Rætt verður um eðli og einkenni kennsluáðferða og fjallað um þær kennslu- og námsmatsaðferðir sem helst er beitt.

Áfangamarkmið

Að nemandi

- geti sýnt fram á þekkingu á grundvallaratriðum kennslufræðinnar
- tileinki sér jákvæð viðhorf til náms og fræðslu
- sýni fram á kunnáttu við gerð fræðsluáætlana
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að hafa skýr markmið við fræðslu og leiðbeiningu
- geti útskýrt þætti sem hafa áhrif á nám
- þekki helstu flokkunarkerfi námsmarkmiða
- geti notað algeng kennslutæki
- hafi innsýn í algengustu námsmatsaðferðir
- öðlist þjálfun við að fræða og leiðbeina nemum, skjólstæðingum og samstarfsfólki

Efnisatriði

Atferli, dagbækur, ferilbækur, flokkunarkerfi námsarkmiða, framkvæmd kennsluáætlana, fullorðinsfræðsla, flettitafla, fyrirlestur, færni, formlegt námsmat, hópavinna, kennsluáætlun, kennsluskipulag, krít og tafla, markmiðasetning, myndvarpi, námskrá, námsmarkmið, námsmat, námsumhverfi, nemandinn, óformlegt námsmat, sjálfsmat, sjálfsnám, skjávarpi, skjólstæðingar, skrifleg próf, tölva, vettvangsathuganir, viðhorf, þarfir nemenda, þekking.

Námsmat

Nemendur færi ferilbók sem er liður í símati. Nemendur sjái um fræðslu til skjólstæðinga sinna samkvæmt eigin fræðsluáætlunum.

Líffæra- og lífeðlisfræði öldrunar 312

LOL 312

Undanfari: LOL 103 og 203

Meginmarkmið

Að nemendur öðlist dýpri skilning á líffæra- og lífeðlisfræði mannsins og þekki þær meginbreytingar sem verða á starfsemi líffærakerfanna við öldrun.

Áfangalýsing

Í áfanganum er þekking nemenda á starfsemi frumna dýpkuð og farið í helstu kenningar um frumuöldrun. Farið er ítarlega í byggingu og starfsemi þekjakerfis, stoðkerfis, taugakerfis og skynfæra auk innkirtlakerfis. Sérstök áhersla er lögð á öldrunarbreytingar.

Áfangamarkmið

Að nemandi:

- geri sér grein fyrir því að líkaminn þroskast frá fæðingu til dauða
- þekki öldrunarferli frumna og vefja, orsakir og afleiðingar
- þekki starfsemi þekjakerfis, stoðkerfis og taugakerfis og þekki orsakir og afleiðingar þeirra öldrunarbreytinga sem á þeim verða
- öðlist þá grundvallarþekkingu í lífeðlisfræði ofangreindra líffærakerfa sem nauðsynleg er til að skilja eðli öldrunarsjúkdóma og meðhöndlun þeirra

Efnisatriði

Frumur, vefir, öldrunarkenningar, þekjukerfi, bein, liðir, vöðvar, taugaboð, taugakerfi, skynfæri, innkirtlar, hormone.

Námsmat

Matið byggist á lokaprófi, skyndiprófum, smærri verkefnum og einu lokaverkefni sem nemandi kynnir í kennslustund.

Líffæra og lífeðlisfræði öldrunar 412**LOL 412**

Undanfari: LOL 312.

Meginmarkmið

Að nemandur öðlist dýpri skilning á líffæra- og lífeðlisfræði mannsins og þekki þær meginbreytingar sem verða á starfsemi líffærakerfanna við öldrun.

Áfangalýsing

Í áfanganum er farið dýpra í byggingu og starfsemi hringrásarkerfis, vessakerfis, öndunarkerfis, meltingarkerfis, þvagkerfis og æxlunarkerfis. Sérstök áhersla er lögð á öldrunarbreytingar í líffærakerfunum; orsakir þeirra og afleiðingar.

Áfangamarkmið

Að nemandi:

- þekki ítarlega starfsemi hringrásarkerfis, vessakerfis, öndunarkerfis, meltingarkerfis, þvagkerfis og æxlunarkerfis og þekki orsakir og afleiðingar þeirra öldrunarbreytinga sem á þeim verða
- öðlist þá grundvallarþekkingu í lífeðlisfræði ofangreindra líffærakerfa sem nauðsynleg er til að skilja eðli öldrunarsjúkdóma og meðhöndlun þeirra.

Efnisatriði

Hringrásarkerfi, vessakerfi, öndunarkerfi, meltingarkerfi, þvagkerfi og æxlunarkerfi

Námsmat

Matið byggir á lokaprófi, skyndiprófum, smærri verkefnum og einu lokaverkefni sem nemandi kynnir í kennslustund.

Lyfhrifafræði 213**LHF 213**

Undanfarar LHF 113 (eða sambærilegt nám), LOL 312

Meginmarkmið

Að nemandi þekki þær breytingar sem eiga sér stað hjá öldruðum hvað varðar skömmtnun, verkun, aukaverkanir og milliverkanir lyfja og öðlist grunnþekkingu á nokkrum lyfjaflokkum sem tengjast öldrun.

Áfangalýsing

Í áfanganum verður fjallað almennt um lyfjagjöf með tilliti til þeirra breytinga sem verða á líkamanum við öldrun.

Fjallað verður um breytingar sem orðið geta á skömmtnun og verkun lyfja, aukaverkunum og milliverkunum lyfja við öldrun.

Farið verður í nokkra stóra lyfjaflokka: öndunarfæralyf, hjartalaf, tauga- og geðlyf, sykursýkislyf, lyf við hrörnunarsjúkdómum og krabbameinslyf.

Áfangamarkmið

Að nemandi

- geti útskýrt þær breytingar sem verða á dreifingu, umbroti og útskilnaði lyfja með aldrinum
- geti gert grein fyrir þeim þáttum sem hafa þarf í huga við lyfjagjöf aldraðra, með tilliti til skömmtnunar, verkunar, aukaverkana og milliverkana

- sýni fram á þekkingu á nokkrum sjúkdómum sem tengjast öldrun, s.s. öndunarfærasjúkdómum, öldrunarsykursýki, þunglyndi, Parkinsons, MS, Alzheimer o.fl.
- þekki í stærstu dráttum þá lyfjaflokka sem farið er í og kannist við helstu lyfin í hverjum flokki fyrir sig

Efnisatriði

Lyfjagjöf aldraðra, milliverkanir, aukaverkanir, öndunarfæralyf, hjartalíf, tauga-og geðlyf, sykursýkislyf, lyf við hrönnunarsjúkdómum (Parkinsons, MS og Alzheimer), krabbameinslyf.

Námsmat

Verkefni, hlutapróf og lokapróf

Sálfræði 132

SÁL 132

Undanfari Enginn

Meginmarkmið

Nemandi verði meðvitaður um hin ýmsu form tjáskipta og öðlist færni í viðtals- og samskiptatækni. Nemandi þekki ýmsar leiðir við lausn árekstra í samskiptum. Nemandi verði meðvitaður um gildi samræðunnar í samskiptum og áhrif eigin viðhorfa á túlkun umræðuefnis, tilfinninga og vilja viðmælanda.

Áfangalýsing

Í áfanganum verður lögð áhersla á að skoða tjáskipti með og án orða. Viðtalstækni verður æfð svo og lausn ágreinings. Nemendur fá þjálfun með verkefnum og hlutverkaleikjum í notkun ég-boða, virkri hlustun og samvinnuaðferð við lausn vandamála. Erfiðar samræður eru greindar og kannaðar leiðir til að takast á við viðkvæm umræðuefni.

Áfangamarkmið

Að nemandi

- sé meðvitaður um áhrifamátt líkamstjáningar
- sé meðvitaður um mikilvægi virðingar og fordómaleysis í samskiptum
- sé meðvitaður um gildi þess að boð/orð/líkamstjáning séu skýr og ótvíræð
- hafi skoðað ýmsar gerðir boðskipta
- þekki mun á ég-boðum og þú-boðum og viti við hvernig aðstæður er æskilegast að nota ég-boð
- viti hvað felst í virkri hlustun og geti sýnt fram á hæfni í virkri hlustun
- sé meðvitaður um ýmsar leiðir við lausn ágreinings í samskiptum
- þekki og geti beitt samningaaðferð við lausn vandamála
- hafi skoðað og greint hvað gerir samræður erfiðar
- sé meðvitaður um áhrif eigin viðhorfa, reynslu, þekkingar á túlkun orða/líkamstjáningar viðmælanda í erfiðum samræðum
- hafi þjálfun í að túlka líðan og vilja viðmælanda í samræðum
- sé meðvitaður um hvað felst í góðri viðtalstækni.

Námsmat

Ekki lokapróf en verkefni og virkni í kennslustundum verður lögð til grundvallar námsmati.

Sálfræði 232

SÁL 232

Undanfari: SÁL 132.

Meginmarkmið

Nemandi öðlist innsæi og skilning á áhrifum lífsgilda og viðhorfa á viðbrögð einstaklinga. Nemandi verði meðvitaður um þá þætti sem móta viðhorf og fordóma. Nemandi verði meðvitaður um áhrif mismunandi menningarsíða á starfshætti. Nemandi verði meðvitaður um hvaða þættir stuðla að starfsánægju og góðu vinnuumhverfi. Nemandi sýni fram á færni í tjáningu við kynningu á verkefni svo og úrvinnslu gagna við heimildaöflun

Áfangalýsing

Umfjöllun um tilurð viðhorfa og fordóma. Mismunandi hefðir ólíkra menningarheima skoðaðar. Nemendur vinna lokaverkefni um árekstra milli mismunandi menningarheima og með því að taka ítarlegt viðtal við aðfluttan Íslending. Skoðað er hvað átt er við með starfsánægju og góðu vinnuumhverfi og hvað hver einstakur starfsmaður getur lagt af mörkum til að bæta þessa þætti, t.d. hvernig taka skuli á einelti á vinnustað. Áhersla er lögð á að vinna út frá reynsluheimi nemanda. Nemendur vinna og kynna verkefni um ýmsar geðraskanir, t.d. fælni og árátta/þráhyggju.

Áfangamarkmið

Að nemandi

- hafi skilning á mismunandi viðbrögðum við ákveðnar aðstæður
- þekki helstu persónuleikakenningar innan sálfræðinnar
- sé meðvitaður um hvað mótar eigin viðhorf
- hafi skilning á hvernig meðvitaðir og ómeðvitaðir fordómar geta haft áhrif á viðbrögð og starfsaðferðir
- hafi skoðað og rætt um siðvenjur og gildismat ólíkra menningarheima
- hafi velt fyrir sér áhrifum þess að fólk frá ólíkum menningarsamfélögum starfi saman að sameiginlegum markmiðum
- sé meðvitaður um hvernig hann sem einstaklingur getur bætt starfsánægju og vinnuumhverfi
- þekki algengar geðraskanir eins og t.d. fælni og þunglyndi
- sé meðvitaður um áhrif geðraskana á viðbrögð og hegðun einstaklingsins
- hafi þjálfun til að skoða og ræða eigin tilfinningar og viðbrögð við ólíkar aðstæður
- hafi öðlast öryggi til að bregðast við óvæntum aðstæðum sem upp geta komið í samskiptum við skjólstæðinga og samstarfsmenn

Námsmat:

Verkefni unnin í tengslum við mismunandi hefðir ólíkra menningarheima, önnur verkefni, lokapróf.

Stjórnun 102

Undanfari Enginn

STJ 102

Meginmarkmið

Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á uppbyggingu íslenska heilbrigðiskerfisins, gæðastjórnun, stjórnunarferlinu og ýmsum grunnhugtökum í stjórnun og notagildi þeirra í starfi.

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um uppbyggingu og hlutverk íslenska heilbrigðiskerfisins, íslenska heilbrigðisáætlun, gæði í heilbrigðisþjónustu, megin svið og aðferðir gæðastjórnunar, gæðaáætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, breytingar, stjórnunarferlið, úthlutun verkefna, forgangsröðun og tímastjórnun.

Áfangamarkmið

Að nemandi

- geti lýst helstu þáttum er varða uppbyggingu og hlutverk íslenska heilbrigðiskerfisins
- geti útskýrt megin svið og helstu aðferðir gæðastjórnunar
- geti lýst helstu þáttum breytingaferlis og þeim áhrifum sem breytingar geta haft
- geti greint frá helstu þáttum stjórnunarferlisins
- geti rökstutt mikilvægi forgangsröðunar, tímastjórnunar og úthlutunar verkefna

Efnisatriði

Uppbygging og hlutverk íslenska heilbrigðiskerfisins, íslensk heilbrigðisáætlun, gæði í heilbrigðisþjónustu, skynjun og mat á gæðum þjónustu, megin svið og aðferðir

gæðastjórnunar, gæðaáætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, breytingar, stjórnunarferlið, úthlutun verkefna, forgangsröðun og tímastjórnun.

Námsmat

Matið byggir á lokaprófi, svo og smærri verkefnum, sem unnin verða og kynnt í kennslustund.

Upplýsingatækni og tölvunotkun 113

UTN 113

Undanfari Grunnáfangar í tölvunámi

Meginmarkmið

Að nemandi kunni að nota bókasöfn til heimildaöflunar og geti beitt faglegum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun við úrvinnslu heimilda. Að nemandi geti varðveitt og skipulagt gögn á tölvutæku formi

Áfangalýsing

Bókasöfn: Kynnt verður uppbygging og skráningarkerfi bókasafna, heimildaöflun og meðferð heimilda.

Windows Explorer: Kennnt verður að halda utan um gögn á tölvutæku formi.

Ritvinnsla: Lögð er áhersla á uppsetningu og frágang texta.

Glærugerð: Kennnt verður á forrit til glærusýninga (Power Point).

Áfangamarkmið

Að nemandi

- verði fær um að afla heimilda á bókasöfnum og vinna úr þeim
- verði fær um að varðveita tölvugögn á skipulegan hátt
- sýni fram á hæfni í faglegum vinnubrögðum við ritun texta, söfnun og meðferð upplýsinga
- þekki almennar reglur um frágang á ritgerðum og skýrslum
- þekki almennar reglur við skjalavörslu í tölvum
- geti sett upp efni til glærुकynninga.

Efnisatriði

Heimildaöflun, úrvinnsla gagna, meðferð upplýsinga, ritvinnsla, skýrslugerð, skjalavarsla, glærugerð

Námsmat

Verkefni, próf

Upplýsingatækni og tölvunotkun 213

UTN 213

Undanfari UTN 113

Meginmarkmið

Að nemandi geti unnið sjálfstætt að upplýsingaleit á Interneti og í gagnasöfnum, metið sannleiksgildi þeirra og kunni með þær að fara. Nemandi geti unnið úr upplýsingum og sett þær fram á vefrænu formi. Að nemandi geti farið með tölulegar upplýsingar og sett þær fram á tölvutæku formi. Nemandi þekki meðferð og skráningu persónuupplýsinga í skráningakerfi sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana.

Áfangalýsing

Upplýsingatækni: Áhersla er lögð á markvissa þjálfun við upplýsingaleit á netinu og í gagnaböndum. Fjallað verður um sannleiks- og notagildi vefrænna upplýsinga sem og meðferð þeirra. Kynntar verða og þjálfaðar aðferðir við að vista upplýsingar á vefrænu formi. Töflureiknir: Kynntar verða og þjálfaðar aðferðir að vinna úr og setja fram tölulegar upplýsingar í töflureikni.

Skráningakerfi: Fjallað verður um meðferð persónuupplýsinga í skráningakerfi sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana.

Áfangamarkmið

Að nemandi

- sýni fram á kunnáttu við leit á netinu og í gagnasöfnum
- geti unnið með rafrænar heimildir og metið sannleiksgildi þeirra
- geti sett fram eigið efni t.d. fræðsluefni á vefrænt form
- geti sett fram og túlkað upplýsingar í töflureikni
- kynni sér skráningu persónuupplýsinga í skráningakerfi sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana

Efnisatriði

Netið, upplýsingaleit, gagnasöfnun, rafrænar heimildir, töflureiknir, meðferð persónuupplýsinga, skráningakerfi

Námsmat

Verkefni, próf